

Nd.

311. Frumvarp til laga

[127. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. apríl.)

1. gr.

Stofnaður skal sjóður, er ber nafnið lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis. Skal sjóðnum varið til að veita námslán íslenzkum stúdentum og öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. ákvæðum þessara laga.

Menntamálaráð Íslands fer með stjórn sjóðsins.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt íslenzkum stúdentum eða öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. reglum, sem sjóðsstjórnin setur, en þurfa samþykki menntamálaráðherra. Þessar reglur skal endurskoða árlega.

Hver námsmaður skv. 1. mgr. þessarar gr. skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánnum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, skv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri stofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til að minnsta kosti 3 250 þús. kr. Afborganir af námslánum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959, og vextir af þeim, renna einnig í sjóðinn.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.